

Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 80 (19.7.2024) - Hamrabrekkur 4 - Umsókn um byggingarheimild - Flokkur 1,

Málsnúmer : 202401588
Málsaðili : Egill Þórir Einarsson
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 19.07.2024

Inngangur : Borist hafa breyttir aðaluppdrættir með umsókn um byggingarleyfi frá Árna Friðrikssyni, f.h. Egils Þóris Einarssonar, vegna nýbyggingar frístundahúss að Hamrabrekkum 4. Um er að ræða 129,9 m² einnar hæðar timburhús, í samræmi við gögn. Teikningar sýna tilfærslu húss og bílastæða um 7,5 m til austurs og 2,5 m til suðurs, nær lóðum að Hamrabrekkum 3, 5 og 6. Fyrri aðaluppdrættir voru grenndarkynntir frá 27.03.2024 til og með 30.04.2024.

Niðurstaða : Í ljósi breyttra aðaluppdráttar og nýrrar staðsetningar, þar sem að ekki er í gildi deiliskipulag sem uppfyllir ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 samþykkir skipulagsfulltrúi, í samræmi við afgreiðsluheimildir skipulagsfulltrúa í samþykktum um stjórn Mosfellsbæjar, að byggingarleyfisumsóknin skuli grenndarkynnt að nýju skv. 1. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga á grundvelli ákvæða aðalskipulags Mosfellsbæjar. Skipulagsfulltrúi metur svo að breytingin varði tiltekna hagaðila fyrir kynningar. Fyrirliggjandi gögn skulu send aðliggjandi hagaðilum og þinglýstum eigendum lóða og landa að Hamrabrekkum 3, 5 og 6 til kynningar og athugasemda.